



ÍSÍ úthlutar rúmlega 63 milljónum til afreksstarfs

Styrkveitingar ÍSÍ að þessu sinni nema samtals rúmlega 63 milljónum króna en úthlutað er kr. 47.820 þús. úr Afrekssjóði og 9.200 þús. úr sjóði ungra og efnilegra íþróttamanna. Þá eru 5 íþróttamenn á Peking 2008 styrk frá Ólympíusamhjálpinni, þ.e. 1.000 \$ á mánuði, sem reiknast ca. kr. 828.000 á árinu 2007 eða alls kr. 4.140 þús. Tilkynt var um þá úthlutun á síðasta ári. Auk þess er A-landslið karla í handknattleik á styrk frá Ólympíusamhjálpinni fram að næstu Ólympíuleikum. Nemur greiðsla ársins 28.000\$ eða um 1.950 þús.

Aftekssjóður hefur enn fjármagn til aflögu á árinu og verður það fjármagn nýtt í samræmi við árangur og verkefni sérsambandanna. Þrátt fyrir góðan styrk að þessu sinni er enn langt í land að styrkir ÍSÍ standi undir afreksstarfi sérsambandanna. Þegar skoðaðar eru umsóknir sérsambandanna í hina tvo sjóði ÍSÍ, sést eftirfarandi:

- Kostnaðaráætlanir þeirra 20 sérsambanda sem sóttu um styrk vegna íþróttamanna og verkefna til Afrekssjóðs ÍSÍ 2007 nema 323 milljónum króna. Framlag Afrekssjóðs ÍSÍ til sérsambanda nemur um 15% af kostnaðaráætlun þeirra.
- Kostnaðaráætlanir þeirra 18 sérsambanda og einnar sérgreinanevndar vegna umsókna í Sjóð ungra og efnilegra nam um 84 milljónum króna. Framlag sjóðsins að þessu sinni er um 9,2 milljónir eða um 11% af kostnaðaráætlunum

Nokkrar breytingar eru á listum þeirra sem hljóta A, B og C styrki sjóðsins.

Örn Arnarson sundmaður kemur inn á A-styrk, en hann fékk eingreiðslustyrk á síðasta ári. Örn sýndi það á Evrópumeistaramótinu í 25m laug í lok síðasta árs að hann er enn í fremstu röð sundmanna í Evrópu.

Jóhann Rúnar Kristjánsson, borðtennismaður úr röðum fatlaðra er færður upp í B-styrk en þar bætist einnig í hóp styrkþega Baldur Ævar Baldursson frjálsíþróttamaður úr röðum fatlaðra.

Nokkrir einstaklingar sem hafa verið á eingreiðslustyrkjum undanfarin ár eru nú færðir upp í C-styrk en nokkrir þeirra leggja áherslu á að ná að tryggja sér á þessu ári sæti á næstu Ólympíuleikum. Þetta eru þau Guðmundur Stephensen í borðtennis, Viktor Kristmannsson í fimleikum, Kristinn Ingi Valsson skíðamaður, Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir og Ragnheiður Ragnarsdóttir sundkonur og Arnar Sigurðsson í tennis.

Þá má nefna að Birgir Leifur Hafþórsson hlýtur eingreiðslustyrk sem svarar til B-styrks afrekssjóðs en Birgir Leifur tryggði sér þátttöku á Evrópumótaröðinni í ár.

A-styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ 2007



Ásdís Hjálmsdóttir / Frjálsíþróttasamband Íslands

Ásdís er 21 árs spjótkastari úr Ármanni. Hún er meðal efnilegustu spjótkastara Evrópu og er í 67. sæti á Evrópulistanum og í 12 sæti meðal yngri en 23 ára. Þá er hún í 104. sæti á heimslista sem má telja frábæran árangur hjá ekki eldri íþróttamanni. Ásdís stefnir á að keppa á Evrópumeistaramóti 23 ára og yngri á árinu auk Heimsmeistaramótsins en auk þess trúir Afrekssjóður á að Ásdís hafi möguleika á að vera meðal 8 efstu á Ólympíuleikum í framtíðinni. Ásdís er einnig á Peking 2008 styrk frá Ólympíusamhjálpinni.



Jón Oddur Halldórsson / Íþróttasamband fatlaðra

Jón Oddur er 25 ára frjálsíþróttamaður úr Ármanni. Hann sigraði í 200m hlaupi á VISA Paralympic Cup og hafnaði í örðu sæti í 100m hlaupi. Hann sigraði, fjórða árið í röð bæði 100m og 200m hlaup í sínum flokki á Opna breska meistaramótinu og hafnaði í 3. sæti í 100m hlaupi á HM fatlaðra í frjálsum íþróttum í Assen í Hollandi. Með þeim árangri vann hann þátttökurétt á Ólympíumótinu sem fram fer í Peking 2008.



Rúnar Alexandersson / Fimleikasamband Íslands

Rúnar er 29 ára fimleikamaður úr Gerplu. Rúnar náði frábærum árangri á Ólympíuleikunum í Aþenu árið 2004 er hann endaði í 7 sæti á bogahesti. Rúnar hefur átt í meiðslum en er óðum að komast í sitt fyrra form og mun keppa á fjölmörgum mótum á árinu en eitt af markmiðum ársins er að tryggja sér sæti á næstu Ólympíuleikum. Rúnar er einnig á Peking 2008 styrk frá Ólympíusamhjálpinni.



Þórey Edda Elísdóttir / Frjálsíþróttasamband Íslands

Þórey Edda er 29 ára stangarstökkvari úr FH. Þórey Edda náði frábærum árangri á Ólympíuleikunum í Aþenu árið 2004 þegar hún hafnaði í 4. sæti í stangarstökki og er án efa einn af okkar helstu afreksmönnum. Hún átti í meiðslum á árinu 2006 en er að ná fyrri styrk og er til alls líkleg á árinu 2007. Á heimslista ársins 2005 var Þórey Edda í 13. sæti.



Örn Arnarson / Sundsamband Íslands

Örn er 26 ára sundmaður úr Sundfélagi Hafnarfjarðar. Hann er stigahæsti Íslenski karlmaðurinn í 50m laug, með 912 FINA stig. Hann náði 3. sæti á EM25 í flugsundi nú í desember, 7. sæti í 100m fjórsundi á sama móti og 13. sæti á HM25 í apríl sl. Á heimsafrekaskrá er Örn í 37. sæti í 50m flugsundi og í 39. sæti í 100m flugsundi.

B-stykir Afrekssjóðs ÍSÍ 2007



Baldur Ævar Baldursson / Íþróttasamband fatlaðra

Baldur Ævar er 26 ára gamall frjálsiþróttamaður úr Leiftri Ólafsfirði og Eik Akureyri. Hann er Íslandsmeistari í öllum sínum greinum í flokki CP37. Hann náði 2. sæti í langstökki á HM innanhúss 2006 og 7. sæti í kúluvarpi á sama móti. Á HM utanhúss náði hann 6. sæti í langstökki og 8. sæti í kúluvarpi. Baldur stefnir á að ná lágmarkum á árinu fyrir Ólympíumótið 2008 í Peking.



Björgvin Björgvinsson / Skíðasamband Íslands

Björgvin er 27 ára gamall skíðamaður úr Skíðafélagi Dalvíkur. Björgvin náði 23. sæti í svigi á Ólympíuleikunum í Tórínó og varð þrefaldur Íslandsmeistari á árinu 2006. Hann varð Eyjaálfumeistari (keppnir fóru fram í Ástralíu og á Nýja Sjálandi) en sú mótaroð er sú sama og Evrópumótaroðin sem er næsti styrkleikaflokkur á eftir Heimsbikarnum. Björgvin náði að vera 13 sinnum á meðal 10 efstu manna á alþjóðlegum mótum á árinu 2006, þar af 8 sinnum á erlendri grundu.



Björn Þ. Þorleifsson / Taekwondósamband Íslands

Björn er 29 ára gamall taekwondomaður úr Fimleikafélaginu Björk. Björn hefur borið af í íþrótt sinni hér á landi um nokkurt skeið en síðastliðið ár átti hann í meiðslum sem settu mark sitt á þátttöku hans í mótum. Hann er samt kominn á fullt skrið á nýju og stefnir á að tryggja sér þátttöku á næstu Ólympíuleika. Björn er á Peking 2008 styrk frá Ólympíusamhjálpinni.



Dagný Linda Kristjánsdóttir / Skíðasamband Íslands

Dagný Linda er 27 ára gömul skíðakona úr Skíðafélagi Akureyrar. Dagný Linda náði eftirtektarverðum árangri á Ólympíuleikunum í Tórínó 2006. Hún hlaut þar 16. sæti í bruni í alpatvíkeppni og 23. sæti bæði í risasvigi og bruni, sem verður að teljast frábær árangur í ljósi þess að hún átti í erfiðum meiðslum árið 2005. Dagný Linda varð þrefaldur Íslandsmeistari á árinu 2006 og hún náði 8 sinnum á topp 10 á alþjóðlegum FIS mótum.



Jakob Jóhann Sveinsson / Sundsamband Íslands

Jakob Jóhann er 25 ára sundmaður úr Sundfélaginu Ægi. Jakob Jóhann er einn af okkar fremstu sundmönnum. Hann er Íslandsmeistari í 200m bringusundi og náði 14. sæti í sömu grein á EM50 þar sem hann setti Íslandsmet. Hann náði 1. sæti bæði í 100 og 200m bringusundi á fimm þjóða móti í Amsterdam á síðasta ári. Jakob Jóhann er á Peking 2008 styrk frá Ólympíusamhjálpinni.



Jóhann Rúnar Kristjánsson / Íþróttasamband fatlaðra

Jóhann Rúnar er 34 ára borðtennismaður úr Íþróttafélaginu Nesi. Hann keppti á Ólympíumóti í Aþenu árið 2004 þar sem hann stóð sig vel og stefnir nú á að tryggja sér þátttökurétt á Ólympíumótið í Peking árið 2008. Jóhann var í 18. sæti á heimslistanum í sínum flokki árið 2006.



Silja Úlfarsdóttir / Fjalsíþróttasamband Íslands


Silja er 25 ára 400m grindarhlaupi úr FH. Hún er í 89. sæti á heimslistanum í 400m grindarhlaupi og hefur staðið sig vel í greininni á undanförunum árum. Þótt að Silja hafi lent í meiðslum á árinu 2006 hefur Afrekssjóður trú á því að hún nái sínum markmiðum á árinu og er hún í dag að æfa undir stjórn Paul Doyle sem þjálfaði Guðrúnu Arnardóttur þegar hún náði 6. sæti á Ólympíuleikunum árið 2000.

C-styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ 2007



Arnar Sigurðsson / Tennissamband Íslands

Arnar er 26 ára tennisleikari úr Tennisfélagi Kópavogs. Arnar varð Íslandsmeistari 10. árið í röð sl. sumar í einliða- og tvíliðaleik. Hann var meðal allra bestu skólatennisleikara í Bandaríkjunum á síðasta ári en hann stundaði þar nám í líffræði. Arnar vann sitt fyrsta atvinnumannamót í tvíliðaleik á árinu 2006 og hefur hækkað sig um 800 sæti á heimslista á fáum mánuðum.



Guðmundur Stephensen / Borðtennissamband Íslands

Guðmundur er 25 ára borðtennismaður úr Víkingi. Hann varð Norður-Evrópumeistari í einliðaleik á árinu 2006 og Íslandsmeistari í einliðaleik, tvíliðaleik og tvenndarkeppni. Guðmundur hefur staðið sig vel á erlendum vettvangi að undanförunu og sigrað leikmenn sem eru ofarlega á heimslistanum í borðtennis.



Guðrún Jóhannsdóttir / Skyldingasamband Íslands

Guðrún er 32 ára skyldingakona úr Skyldingafélagi Reykjavíkur. Guðrúnu gekk vel á heimsbikarmótum á árinu 2006 og varð 3 sinnum meðal 40 efstu. Hún náði 2. sæti á Kanadíska meistaramótinu og vann héraðsmeistaramót Quebec. Guðrún varð í 47. sæti á heimsmeistaramótinu í Tórínó á Ítalíu sl. haust.



Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir / Sundsamband Íslands

Kolbrún Ýr er 24 ára gömul sundkona úr Sundfélaginu Ægi. Hún hóf æfingar sl. haust eftir nokkurt hlé. Kolbrún Ýr setti tvö Íslandsmet í einstaklingsgreinum á síðasta ári þegar hún varð Íslandsmeistari í 50m og 100m flugsundi. Einnig átti hún sinn þátt í að setja 3 Íslandsmet í boðsundum.



Kristinn Ingi Valsson / Skíðasamband Íslands

Kristinn Ingi er 22 ára gamall skíðamaður úr Skíðafélagi Dalvíkur. Hann keppti á Ólympíuleikunum í Tórínó og náði þar 35. sæti af 103 keppendum í svigi. Hann náði 3. sæti bæði í svigi og stórsvigi á Íslandsmeistaramótinu á síðasta ári. Kristinn Ingi hefur bætt stöðu sína gríðarlega á heimslista FIS á síðustu tveimur árum.



Ragna Ingólfssdóttir / Badmintonsamband Íslands

Ragna er 24 ára gömul badmintonkona úr TBR. Ragna er Íslandsmeistari í einliðaleik og tvíliðaleik. Hún náði mjög góðum árangri á alþjóðlegum mótum á síðasta ári, vann Iceland Express International og Opna tékkneska og komst í undanúrslit á fjórum mótum erlendis. Ragna var 11. des. sl. í 67. sæti heimslistans og í efsta sæti á European Circuit listanum. Ragna er á Peking 2008 styrk frá Ólympíusamhjálpinni.



Ragnheiður Ragnarsdóttir / Sundsamband Íslands

Ragnheiður er 23 ára gömul sundkona úr Sunddeild KR. Hún náði 16. sæti í 50m skriðsundi á EM25 í desember og 25. sæti í 50m skriðsundi á EM50. Ragnheiður setti Íslandsmet í 50m skriðsundi bæði í 25m laug og 50 laug á síðasta ári og Íslandsmet í 100m skriðsundi á EM25 í Helsinki.



Viktor Kristmannsson / Fimleikasamband Íslands

Viktor er 23 ára gamall fimleikamaður úr Íþróttafélaginu Gerplu. Hann hefur verið afburða afreksmaður í fimleikum undanfarin ár en var óheppin með meiðsl á árinu 2006. Viktor er Íslandsmeistari í fjölpraut og stóð sig mjög vel á HM í áhaldafimleikum í október sl. þar sem hann hafnaði vel innan við miðju í hópi sterkra keppenda.



Styrkveitingar 2007

Afrekssjóður ÍSÍ:

Badmintonsamband Íslands

- Landsliðsverkefni	kr.	500.000,-
- Ragna Ingólfssdóttir / C-styrkur	kr.	480.000,-
Alls	kr.	980.000,-

Borðtennissamband Íslands

- Guðmundur Stephensen / C-styrkur	kr.	480.000,-
------------------------------------	-----	-----------

Frjálsíþróttasamband Íslands

- Landsliðsverkefni	kr.	1.000.000,-
- Ásdís Hjálmsdóttir / A-styrkur	kr.	1.920.000,-
- Þórey Edda Elísdóttir / A-styrkur	kr.	1.920.000,-
- Silja Úlfarsdóttir / B-styrkur	kr.	960.000,-
Alls	kr.	5.800.000,-

Fimleikasamband Íslands

- Rúnar Alexandersson / A-styrkur	kr.	1.920.000,-
- Viktor Kristmannsson / C-styrkur	kr.	480.000,-
Alls	kr.	2.400.000,-

Golfsamband Íslands

- Landsliðsverkefni	kr.	2.000.000,-
- Birgir Leifur Hafþórsson / Eingreiðsla	kr.	960.000,-
- Ólöf María Jónsdóttir / Eingreiðsla	kr.	500.000,-
- Heiðar Davíð Bragason / Eingreiðsla	kr.	300.000,-
- Sigurpáll Geir Sveinsson / Eingreiðsla	kr.	300.000,-
Alls	kr.	4.060.000,-

Handknattleikssamband Íslands

- A-landslið karla	kr.	6.500.000,-
- A-landslið kvenna	kr.	1.000.000,-
- 21 ára landslið karla	kr.	1.000.000,-
Alls	kr.	8.500.000,-

Íþróttasamband fatlaðra

- Jón Oddur Halldórsson / A-styrkur	kr.	1.920.000,-
- Baldur Ævar Baldursson / B-styrkur	kr.	960.000,-
- Jóhann Rúnar Kristjánsson / B-styrkur	kr.	960.000,-
Alls	kr.	3.840.000,-

Judósamband Íslands

- Þormóður Árni Jónsson / Eingreiðsla	kr.	300.000,-
---------------------------------------	-----	-----------



Körfuknattleikssamband Íslands

- A-landslíð kvenna	kr.	1.000.000,-
- A-landslíð karla	kr.	2.500.000,-
Alls	kr.	3.500.000,-

Knattspyrnusamband Íslands

- A-landslíð kvenna	kr.	4.000.000,-
---------------------	-----	-------------

Landssamband hestamannafélaga

- Landsliðsverkefni, HM	kr.	1.000.000,-
-------------------------	-----	-------------

Skíðasamband Íslands

- Landsliðsverkefni	kr.	1.000.000,-
- Björgvin Björgvinsson / B-styrkur	kr.	960.000,-
- Dagný Linda Kristjánsdóttir / B-styrkur	kr.	960.000,-
- Kristinn Ingi Valsson / C-styrkur	kr.	480.000,-
Alls	kr.	3.400.000,-

Skylmingasamband Íslands

- Guðrún Jóhannsdóttir / C-styrkur	kr.	480.000,-
- Þorbjörg Ágústsdóttir / Eingreiðsla	kr.	300.000,-
- Ragnar Ingi Sigurðsson / Eingreiðsla	kr.	300.000,-
Alls	kr.	1.080.000,-

Sundsamband Íslands

- Landsliðsverkefni	kr.	1.000.000,-
- Örn Arnarson / A-styrkur	kr.	1.920.000,-
- Jakob Jóhann Sveinsson / B-styrkur	kr.	960.000,-
- Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir / C-styrkur	kr.	480.000,-
- Ragnheiður Ragnarsdóttir / C-styrkur	kr.	480.000,-
- Anja Ríkey Jakobsdóttir / Eingreiðsla	kr.	300.000,-
- Árni Már Arnason / Eingreiðsla	kr.	300.000,-
- Birkir Már Jónsson / Eingreiðsla	kr.	300.000,-
- Erla Dögg Haraldsdóttir / Eingreiðsla	kr.	300.000,-
Alls	kr.	6.040.000,-

Taekwondósamband Íslands

- Björn Þ. Þorleifsson / B-styrkur	kr.	960.000,-
------------------------------------	-----	-----------

Tennissamband Íslands

- Arnar Sigurðsson / C-styrkur	kr.	480.000,-
--------------------------------	-----	-----------

Fagteymi ÍSÍ

kr.	1.000.000,-
-----	-------------



Styrktarsjóður ungra og framúrskarandi efnilega íþróttamanna

Blaksamband Íslands

- U-16 ára landslið drengja/stúlkna kr. 500.000,-

Badmintonsamband Íslands

- U-19 ára landslið kr. 500.000,-

Dansíþróttasamband Íslands

- Alex Freyr Gunnarsson kr. 50.000,-
- Ragna Björk Bernburg kr. 50.000,-
- Björn Ingi Pálsson kr. 50.000,-
- Hanna Rún Óladóttir kr. 50.000,-
- Haukur Freyr Hafsteinsson kr. 50.000,-
- Denise Margrét Yaghi kr. 50.000,-
Alls kr. 300.000,-

Frjálsíþróttasamband Íslands

- Ragnheiður Anna Þórsdóttir kr. 200.000,-
- Sveinn Elías Elíasson kr. 200.000,-
- Þorsteinn Ingvarsson kr. 200.000,-
- Íris Anna Skúladóttir kr. 150.000,-
- Einar Daði Lárusson kr. 100.000,-
- Helga Margrét Þorsteinsdóttir kr. 100.000,-
- Kristján Sigurðsson kr. 100.000,-
- Stefanía Hákonardóttir kr. 100.000,-
- Örn Davíðsson kr. 100.000,-
Alls kr. 1.250.000,-

Fimleikasamband Íslands

- Fríða Rún Einarsdóttir kr. 200.000,-
- Kristjana Sæunn Ólafsdóttir kr. 200.000,-
- Margrét Hulda Karlsdóttir kr. 100.000,-
- Bjarki Ásgeirsson kr. 100.000,-
- Ólafur Garðar Gunnarsson kr. 50.000,-
- Ingvar Ágúst Jochumsson kr. 50.000,-
Alls kr. 700.000,-

Golfsamband Íslands

- Unglingalandsliðshópar kr. 500.000,-

Handknattleikssamband Íslands

- 17 ára landslið stúlkna kr. 500.000,-
- 18 ára landslið pilta kr. 500.000,-
Alls kr. 1.000.000,-

Íþróttasamband fatlaðra

- Eypór Þrastarson kr. 75.000,-
- Sonja Sigurðardóttir kr. 75.000,-
- Embla Ágústsdóttir kr. 75.000,-
- Tómas Björnsson kr. 75.000,-
Alls kr. 300.000,-



Íshökkísamband Íslands

- U-18 ára landslið karla kr. 400.000,-

Skautasamband Íslands

- Unglingalið sambandsins kr. 250.000,-

Judósamband Íslands

- Jón Þór Þórarinsson kr. 100.000,-

- Eyjólfur Guðjónsson kr. 100.000,-

- Bergþór Steinn Jónsson kr. 100.000,-

Alls kr. 300.000,-

Körfuknattleikssamband Íslands

- Körfuknattleiksþúðir fyrir hávaxna leikmenn kr. 250.000,-

- Ragna Margrét Brynjarsdóttir kr. 100.000,-

- Hjörtur Hrafn Einarsson kr. 50.000,-

- Margrét Kara Sturludóttir kr. 50.000,-

- Þröstur Leó Jóhannsson kr. 50.000,-

Alls kr. 500.000,-

Keilusamband Íslands

- Unglingalandslið kr. 150.000,-

Knattspyrnusamband Íslands

- Vekefni ungingalandsliða kr. 500.000,-

Skíðasamband Íslands

- Íris Guðmundsdóttir kr. 150.000,-

- Sigurjón Hallgrímsson kr. 150.000,-

- Sævar Birgisson kr. 150.000,-

- Víkingur Þór Björnsson kr. 150.000,-

Alls kr. 600.000,-

Skylmingasamband Íslands

- Ásta Guðrún Helgadóttir kr. 100.000,-

- Haraldur Hugosson kr. 100.000,-

- Ingibjörg Laufey Guðlaugsdóttir kr. 100.000,-

- Sigrún Inga Garðarsdóttir kr. 100.000,-

- Sævar Baldur Lúðvíksson kr. 100.000,-

Alls kr. 500.000,-

Sundsamband Íslands

- Guðni Emilsson kr. 200.000,-

- Sigrún Brá Sverrisdóttir kr. 200.000,-

- Hrafnhildur Lúthersdóttir kr. 150.000,-

- Rakel Gunnlaugsdóttir kr. 150.000,-

- Auður Sif Jónsdóttir kr. 100.000,-

- Davíð Hildiberg Aðalsteinsson kr. 100.000,-

- Jóhanna Gerða Gústafsdóttir kr. 100.000,-

Alls kr. 1.000.000,-



Tennissamband Íslands

- Birkir Gunnarsson	kr.	50.000,-
- Guðrún Óskarsdóttir	kr.	50.000,-
- Sandra Dís Kristjánsdóttir	kr.	50.000,-
Alls	kr.	150.000,-

Peking 2008 styrkir (á árinu 2007)

Badminton samband Íslands

- Ragna Ingólfssdóttir / Peking styrkur	kr.	828.000,- (áætl.)
---	-----	-------------------

Frjálsíþróttasamband Íslands

- Ásdís Hjálmsdóttir / Peking styrkur	kr.	828.000,- (áætl.)
---------------------------------------	-----	-------------------

Fimleikasamband Íslands

- Rúnar Alexandersson / Peking styrkur	kr.	828.000,- (áætl.)
--	-----	-------------------

Handknattleikssamband Íslands

- A-landslíð karla / Peking styrkur	kr.	1.932.000,- (áætl.)
-------------------------------------	-----	---------------------

Sundsamband Íslands

- Jakob Jóhann Sveinsson / Peking styrkur	kr.	828.000,- (áætl.)
---	-----	-------------------

Taekwondósamband Íslands

- Björn Þ. Þorleifsson / Peking styrkur	kr.	828.000,- (áætl.)
---	-----	-------------------